

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

8. júlí 2025
UOS2506366/A.Ö.H

Efni: Umsögn - Breyting á Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 - Athafnasvæði eldisstöðvar norðan Hauganess

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 25. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar um breytingu á Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 og nýtt deiliskipulag vegna áforma um uppbyggingu norðan Hauganess fyrir landeldi, landfyllingu og viðlegumannvirki.

Í skipulagslýsingu kemur fram að breytingin feli í sér að hluti lands norðan Hauganess sem í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir íbúðabyggð, verði breytt í athafnasvæði.

Breyting aðalskipulags er samtals 16 ha, þar af eru 9,5 ha við ströndina sem fara undir efnistöku og landmótun og 6,4 ha verða landfylling til austurs.

Í drögum að deiliskipulagi er afmörkuð 14,5 ha lóð þar sem Laxós ehf. áformar uppbyggingu og rekstur fiskeldisstöðvar í þremur áföngum, með framleiðslugetu upp á u.þ.b. 22.000 tonn af slægðum laxi og/eða urriða á ári.

Vatnamál

Skipulagssvæðið nær til þriggja vatnshlota; grunnvatnshlotsins Árskógssands (nr. 102-131-G), strandsjávarhlotsins Eyðafjarðar (nr. 102-1365-C) og straumvatnshlotsins Þorvaldsdalsár 1 (nr. 102-1806-R).

Þar sem tillagan hefur áhrif á vatn leggur Umhverfis- og orkustofnun áherslu á mikilvægi þess að fjalla þurfi um áhrif framkvæmdarinnar og rekstur eldisstöðvar í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og Vatnaáætlun 2022-2027¹. Til eru leiðbeiningar til sveitarfélaga um samræmingu skipulagsáætlana og leyfisveitinga við lög um stjórn vatnamála².

¹ [Vatnaáætlun 2022-2027](#)

² [Leiðbeiningar um samræmingu skipulagsáætlana og leyfisveitingu við lög um stjórn vatnamála](#)

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að markmið laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að öll vatnshlot hafa umhverfismarkmið og þau markmið eru lagalega bindandi. Umhverfismarkmið starmvatnshlotsins Þorvaldsdalsár 1 er að vera í a.m.k. góðu efnafræðilegu og mjög góðu vistfræðilegu ástandi. Umhverfismarkmið grunnvatnshlotsins Árskógssands er að vera í a.m.k. góðu efnafræðilegu ástandi og að magnstaða sé góð. Umhverfismarkmið strandsjávarhlotisins Eyðafjarðar er að vera í a.m.k. góðu efnafræðilegu og góðu vistfræðilegu ástandi. Uppbygging og starfsemi eldisstöðvarinnar má ekki verða til þess að vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand vatnshlotinna rýrni, hvorki tímabundið né varanlega.

Gert er ráð fyrir að lögð verði vatnslögn frá vatnsbóli Þorvaldsdalsár að eldisstöðinni, með flutningsgetu uppá 180 l/sek sem notað verður til reksturs eldisstöðvarinnar, en ekki er tekið fram í skýrslunni hvort notast verði við sjó eða jarðsjó í starfseminni. Að mati Umhverfis- og orkustofnunar virðist sem vatnspörf eldisstöðvarinnar sé vanmetin, sé starfsemin borin saman við landeldi af svipaðri stærðargráðu á Suðurlandi og Suðurnesjum sem nota á bilinu um 15.000-20.000 l/sek af sjó eða jarðsjó til viðbótar við ferskvatnstöku.

Umhverfis- og orkustofnun leggur áherslu á að mat á áhrifum á magnstöðu og efnafræðilegt ástand grunnvatnshlotsins verði unnið út frá þeim viðmiðum sem fram koma í kafla 2 í viðauka III, reglugerðar nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun, sem og í leiðbeiningum Umhverfis- og orkustofnunar um mat á áhrifum á vatn.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að áður en leyfi eru gefin út vegna framkvæmdarinnar þarf áhrifamat fyrir vatnshlotin að liggja fyrir. Mikilvægt er að áhrif framkvæmda og starfseminnar á vatn liggi fyrir svo leyfisveitandi geti tekið afstöðu til þess hvort framkvæmdin sé í samræmi við vatnaáætlun og lög um stjórn vatnamála. Stofnunin bendir á að gefnar hafa verið út leiðbeiningarnar *Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot*³ um það hvernig beri að framkvæma slíkt mat. Hægt er að skila sameiginlegu áhrifamati fyrir yfirborðs- og grunnvatnshlot.

³ [Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot](#)

Úrgangur

Umhverfis- og orkustofnun telur afar mikilvægt að við undirbúning eldis af þessari stærðargráðu sé hugað vel að því hvað gert verði við úrganginn sem kemur frá eldinu. Mikilvægt er að fastefni sem hreinsað er úr frárennsli sé endurnýtt eins og kostur er. Í starfsleyfum stofnunarinnar fyrir landeldisfyrirtæki er krafa um að fyrirtækin hafi áætlun um meðhöndlun úrgangs sem inniheldur tímasett skref þar sem endurnýting kemur í stað förgunar. Umhverfis- og orkustofnun telur mikinn ávinning vera falinn í því að lágmarka úrgang og endurnýta fastefni en það er í samræmi við stefnu stjórnvalda í úrgangsmálum⁴, þar sem eitt meginmarkmiðið er að hætta urðun lífbrjótanlegs úrgangs. Stofnunin bendir jafnframt á að fiskimykja er næringarrík og inniheldur m.a. fosfór, nitur og kolefni sem hægt er að nýta.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að nú þegar hefur landeldisfyrirtækjum hér á landi reynst erfitt að finna farveg fyrir þann úrgang sem krafist er að fyrirtækin sía frá úr frárennsli áður en því er veitt í viðtaka, þ.e. fiskiseyruna. Þar sem fyrirtæki bera ábyrgð á úrganginum sem frá starfseminni kemur er ein meginforsenda eldisstarfsemi af slíku umfangi og hér er fjallað um að farvegur verði fundinn fyrir úrganginn.

Leyfi Umhverfis- og orkustofnunar

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að nýting auðlinda úr jörðu, m.a. grunnvatns, er háð leyfi stofnunarinnar sbr. 6. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum úr jörðu, hvort sem það er til nýtingar auðlinda í eignarlöndum eða í þjóðlendum með þeim undantekningum sem greinir í lögunum. Samkvæmt lögunum felur nýtingarleyfi í sér heimild til handa leyfishafa til að vinna úr og nýta viðkomandi auðlind á leyfistímanum í því magni og með þeim skilmálum öðrum sem tilgreindir eru í lögunum og Umhverfis- og orkustofnun telur nauðsynlega.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að fiskeldi er starfsleyfis skyld hjá stofnuninni og fellur undir 2. tl. viðauka II, laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf einnig rekstrarleyfi Matvælastofnunar. Rekstraraðili sækir um bæði starfsleyfi og rekstrarleyfi til Matvælastofnunar sem framsendir umsóknina á Umhverfis- og orkustofnun skv. 4. gr. b. laga nr. 71/2008 um fiskeldi. Umhverfis- og

⁴ Í átt að [hringrásarhagkerfi](#)

orkustofnun tekur fram að málshraðaviðmið fyrir vinnslu og útgáfu starfsleyfis er 240 dagar frá því að fullnægjandi umsókn hefur verið samþykkt.

Í starfsleyfi verður gerð krafa um vöktun á áhrifum starfseminnar á vatnshlotin. Umhverfis- og orkustofnun hefur gefið út leiðbeiningar fyrir gerð vöktunaráætlana samkvæmt stjórn vatnamála⁵.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir

sérfræðingur

Arnar Össur Harðarson

sérfræðingur

⁵ [Leiðbeiningar fyrir gerð vöktunaráætlunar samkvæmt stjórn vatnamála](#)